# Innköllun á MUNA Speltmúslí

# með trönuberjum

Icepharma hf. hefur í samstarfi við Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur innkallað MUNA múslí spelt með trönuberjum. Ástæða innköllunarinnar er að við reglubundið eftirlit mældist Ochratoxin (OAT) yfir viðmiði í sultanas rúsínum sem varan inniheldur.

Innköllunin á **eingöngu** við um eftirfarandi lotu:

| | |
|---|---|
| **Vörumerki** | MUNA |
| **Vöruheiti** | Múslí spelt með trönuberjum |
| **Vörunúmer** | 45600608 |
| **Nettómagn** | 500g |
| **Best fyrir dagsetning** | 31.01.2025 |
| **Lotunúmer** | BN52441 |
| **Innflytjandi** | Icepharma hf. Lynghálsi 13 110 Reykjavík |
| **Dreifing** | Nettó, Þín Verslun, Melabúðin, Kjörbúðin, Krambúðin. Iceland, Fjarðarkaup, Hlíðarkaup. |

Viðskiptavinir sem keypt hafa ofangreinda vöru eru beðnir um að neyta hennar ekki og farga eða skila henni í verslunina þar sem hún var keypt gegn fullri endurgreiðslu.

Nánari upplýsingar veitir Berglind Erna Þórðardóttir Rekstrarstjóri á Heilsusviði Icepharma í síma 540 8071 eða með tölvupósti á netfangið berglind@icepharma.is

